

FYLGISKJAL NR. 2003

DAGS 15.9.2007

SAMANTEKT:

Á aðalfundi Samverndar eignarhaldsfélags ehf, kt. 550197-2199, var tekinn fyrir ársreikningur fyrir rekstrarárið 2006.

Fram kemur í skýrslu stjórnar að tap hafi verið á félaginu sem nam 7,3 milljónir króna og eigið fé neikvætt sem nam 28,1 milljón króna. Hlutfé var 1 milljón króna og allt í eigu Arnórs H. Arnórssonar.

Áritun óháðs endurskoðanda var í höndum KPMG hf.

Sé litið á efnahagsreikning félagsins fyrir bæði 2006 og 2005 voru þar fastafjármunir, þ.e. fasteignir, í eigu félagsis fyrir bókfært verð kr. 36,6 milljónir króna, innréttingar fyrir um 910 þúsund krónur en engin hlutabréf tilgreind í eigu félagsins í árslok.

Langtímaskuldir eru sagðar hljóða uppá bókfært virði kr. 37.318.500,- í árslok 2005 en engar langtímaskuldir í árslok 2006 en þá hafa verið seldar eignir á móti. Varðandi skammtímaskuldir þá eru þær sagðar hafa aukist hjá lánastofnunum um allt að 8 milljónir frá árslok 2005 til ársloka 2006.

Sé litið í Skýringar á lið nr. 4 kemur fram að félagið hafi selt eignir (þ.e. fasteignir og lóðir) árið 2006 fyrir rúmar 43 milljónir. Innréttingar og búnaður seldar fyrir rétt rúmar 9 milljónir. Ekki er hægt að sjá að þetta hafi skilað fyrirtækinu söluhagnaði enda tap á félaginu árið 2006 þrátt fyrir þessa sölu eigna. Skv. skýringarlið nr. 7 er yfirfæranlegt tap rúmar 98 milljónir króna.

